

Vinnuhelgi LH á Snæfellsnesi 10.-11.febrúar 2012

Mætt eru: Gunnar Sturluson, Sigurður Ævarsson, Haraldur Þórarinnsson, Þorvarður Helgason, Andrea Þorvaldsdóttir, Sigrún Þórðardóttir, Haraldur Örn Gunnarsson, Oddrún Ýr Sigurðardóttir, Anna Lilja Pétursdóttir, Oddur Hafsteinsson, Marianna Gunnarsdóttir.



„Allir vinna“

Krafa frá hestamönnum um að endurgreiðsla á virðisaukaskatti gildi ekki bara um frístundahús heldur líka hesthús. Þessu máli þarf að vekja athygli á, koma þessu til alþingismanna, helst ná athygli hjá 1-2 þingmönnum og fá þá til að koma þessu að víðar. Hópreið niður á Austurvöll væri drastísk aðgerð til að vekja athygli á þessu, en kannski um leið mjög áhrifarík.

Úthlutun reiðvegafjár

Það er verið að skerða reiðvegaféð í ár, verður 60 milljónir 2012 og 2013 (átti þó að vera hærra). Að auki er búið að boða frekari lækkun árið 2014. Þetta þarf að koma í veg fyrir, því frekari lækkanir koma mjög illa við greinina.

Rætt um mikilvægi þess að viðhalda reiðleiðum á fjölförnum ferðamannastöðum. Það er þó ekki sanngjarnt að hestamannafélögin á viðkomandi svæði standi að því ein og sér. Fyrir liggur tillaga frá samgöngunefnd um breytingar á úthlutunarreglum af reiðvegafé til fjölfarina reiðvega. Rætt um að hægt verði að sækja sérstaklega um viðhald á fjölförnum reiðvegum (við fjölfarna ferðamannastaði) til samgöngunefndar. Umsóknin kæmi síðan þaðan til LH. Stjórn LH fagnar þessari fyrirhuguðu breytingu og telur þetta til hins góða. Stjórn LH lýsir jafnframt yfir áhyggjum af niðurskurði ríkisins til reiðvegagerðar. Samþykkt að vinna að því að ríkið standi við fyrri loforð um fjárveitingar til reiðvegagerðar. Ákveðið hefu verið að setja vinnu í gang í samstarfi við samgöngunefnd LH með það að markmiði að auka fé til reiðvegagerðar í fyrsta lagi og í öðru lagi að fá skilgreint fé til að bæta aðstöðu á fjölförnum ferðamannaleiðum á hestum.

Mótamál

HP ítrekar það hversu mikilvægt það er að klára samninga við þá sem sækja um Íslandsmót. Bréf hefur borist frá framkvæmdanefnd Íslandsmóts á Vindheimamelum 2012. Í bréfinu er óskað eftir því að mótinu verði seinkað og flutt aftur til 19. júlí og yrði þá haldið 19.-22. júlí. Breytt dagsetning samþykkt.

Rætt um hvort skynsamlegt sé að setja í samninga um Íslandsmót að þau ár sem heimsmeistaramót líka haldin verði mótinu valinn staður stutt frá Reykjavík. Það er slæmt fyrir landsliðið ef þarf að fara langt út fyrir bæinn með hrossin þegar verið er að æfa fyrir heimsmeistaramót. Allir fundargestir sammála þessari tillögu. Skrifstofunni falið að teikna upp samning vegna Íslandsmóta (fullorðinna og barna) með hliðsjón af bréfi frá Skagfirðingunum og landsliðsnefnd. Samningur svo sendur áfram á stjórn til umræðu.

Í bréfi Skagfirðinga er spurt hvort vænta megi fjárhagslegs stuðnings frá LH í tengslum við mótið. Minni félög úti á landi eiga oft litla möguleika á að sækja sér pening og því standa félögin innan LH ekki jafnt hvað þetta varðar. Að sama skapi hafa litlu félögin átt erfitt með að halda WorldRanking mót, vegna hás dómarakostnaðar.

Rætt um að mikilvægt sé að passa vel upp á þá styrktaraðila sem fyrir eru, að selja mótið ekki til annars aðila (N1 Íslandsmótið.... ef Olís er styrktaraðili LH o.s.frv.), við verðum að gera greinarmun á milli aðalstyrktaraðila LH og svo þeirra aðila sem gerðir eru auglýsingasamningar við.

Stungið upp á því að LH greiði einhverja fasta upphæð til félagsins sem heldur mótið, og fái í staðinn sjónvarpsréttinn að mótinu og geti selt hann ef mótið er söluvara. Þá er LH í raun að borga fyrir sjónvarpsréttinn og fyrir það að fá að halda sínum aðalstyrktaraðilum sýnilegum á mótinu. Þá á mótið samt sem áður sinn aðalstyrktaraðila, en hægt sé að selja auglýsingar til annarra. Upphæðin sem stungið er upp á sem mótshaldarar fengu er 350.000 krónur. Í svarbréfi til skagfirðinganna verður það að koma fram að þeir geti ekki aflað sér neinna sérstakra styrktaraðila fyrir mótið því styrktaraðilar LH eru um leið styrktaraðilar Íslandsmótsins. Þeir megi þó selja auglýsingar, ef það fer ekki á skjön við styrktaraðila LH. Skrifstofan vinnur að þessu uppkasti að samningum.

Stungið upp á því að þegar uppkast að samningi er sent til mótshaldara Íslandsmeistaramóts fylgi því handbók/gátlisti að því hverju þarf að huga að við mótshaldið.

Dómaramál

Á fundaherferð LH í kringum landið kom það víða fram úti á landi hversu hár dómarakostnaður er fyrir félög úti á landi. Talað hefur verið um að koma á fót jöfnunarsjóði sem félög í ákveðnum radíus utan Rvk geti sótt í. SÆ stingur upp á því að LH borgi öll laun dómara, og skráningargjöldin kæmu í staðinn beint inn til LH, þannig væri búið að koma launagreiðslum til dómara í fastari skorður. GS segir vera í lagi að launin séu þrepaskipt eftir réttindum, því þekking þeirra og reynsla sé vissulega mismunandi. Maríanna segir vera í lagi að setja alþjóðadómara í sér hóp, en öðruvísi flokkun eigi ekki að vera. SÆ segir að launin sjálf séu ekki vandamál, heldur ferðakostnaðurinn sem sé orðinn svimandi hár. Vissulega þarf að sýna því skilning að dómara koma víða að, og því sjálfsagt að koma til móts við þá varðandi ferðakostnað, en upphæðirnar sem nú eru komnar í spilið eru komnar alveg út úr kortinu. Það þarf því að komast að einhverri sanngjarnri niðurstöðu varðandi aksturspeninganna. Hugmyndin sjálf um sjóðinn er góð, en það þarf líka að ná einhverjum peningum inn í sjóðinn, til að geta nýtt hann.

HP leggur til að 3ja manna nefnd verði sett í gang til að skoða stofnun jöfnunarsjóðsins. Stungið upp á Sigrúnu og Andreu í nefnd, sem fulltrúar landsbyggðarinnar. Þorri verður fulltrúi höfuðborgarsvæðisins.

GS leggur til að nefnd verði krónutala sem borguð verður á hvern kílómetur, kílómetragjaldið þarf að vera lægra en ríkistaxti. Hvert félag þyrfti síðan að borga ákveðið mikið fyrir hvert mót, ef kostnaðurinn við dómara fer yfir þá tölu, þá getur félagið sótt um styrk í jöfnunarsjóðinn. Þá stakk Sigrún upp á því að dómara sem dæma mót innan 50 km frá sinni heimabyggð, þeir fá ekki aksturspening. Sigrún stakk upp á því ef 4 dómara eru pantaðir á mót, sem allir koma úr sömu átt þá borgi félagið bara fyrir 1 bíl, ekki 4 stk, þannig að dómaramenn verða að raða sér saman í bíl, til að fá eitthvað í aksturspeninga.

Mótaröð LH

HP leggur til að dustað verði rykið af gömlum hugmyndum um mótaröð LH. Rætt hefur verið um hvort LH getið haldið sína eigin mótaröð. HP segir það mikilvægt að þetta gerist sem fyrst, til að hægt sé að ná utan um allt þetta móthald sem nú er í gangi. Það gæti t.d. verið mótaröð frá vori fram á sumar, sem myndi enda á Íslandsmóti. Slík mótaröð mætti þá ekki eyðileggja grasrótastarfið. Spurt hver tilgangurinn með slíkri mótaröð væri, og hvort ekki sé hætt á að slík röð myndi eyðileggja fyrir þeim mótum sem í gangi eru.

Ef af þessu yrði þá yrði samið við ákveðin félög um að halda mótin.

Niðurstaða: dusta rykið af gömlum hugmyndum og skoða hvað hægt er að gera úr þeim.

Fjármál

Sigrún fer yfir fjármál LH. Hún segir stefna í að þegar uppgjör ársins er endanlega klárt standi LH á núlli í ársreikningunum. Gríðarlegar fjárhæðir hafa verið lánaðar til LM, og ekki alveg vitað hvort hægt verði að greiða

þær til baka að fullu, þó vonir standi vissulega til þess. Leiga á rafmagnstenglum rædd, allir sammála um það að LM beri að greiða leigu fyrir tenglana, LH hefur lagt út í mikinn kostnað vegna þeirra og þarf að fá eitthvað til baka fyrir þann kostnað. UMFÍ á tenglana með LH og þar hefur verið rætt um að stofna einhvern sjóð sem nýta mætti fyrir viðhald á tenglunum.

Nauðsynlegt að setja upp áætlun að greiðslusamningi milli LH og LM. Birni endurskoðanda verður falið að taka þetta saman.

GS stingur upp á því að ef þörf er á að auka hlutafé í LM, bjóða þá Bændasamtökunum að vera með í því. Ef þeir kjósa að sitja hjá þá þynnist þeirra hlutur í LM út að sama skapi.

Landsliðsnefnd

Oddur segist hafa áhyggjur af fjármögnun landsliðsins til framtíðar. Hagnaður var þó af HM síðasta sumar. Oddur veltir því fyrir sér hvort allar færar leiðir séu rétt nýttar þegar kemur að því að fjármagna mótið. Honum finnst fjármögnunin og stjórnunin vera að færast of langt frá hvort öðru. Vissulega hafa aðstæður breyst í þjóðfélaginu og alltaf erfiðara að nálgast styrki. Það er því afar mikilvægt að allir leiðir sem í boði eru séu nýttir til hins ítrasta.

OH segir að landsliðsnefnd hafi velt fyrir sér framtíðarfjármögnun liðsins og vilji skoða nánar hvernig best verði að tryggja.

Því líka velt upp hvort kynna þyrfti knöpunum og aðstandendum betur hver raunkostnaður er við svona mót, til að þeir átti sig á því hversu gífurlega kostnaðarsamt þetta er ásamt því hversu mikinn undirbúning þurfi fyrir slíkt mót. Nú rukkar landsliðsnefndin 250.000 fyrir hross, sá kostnaður mætti þó vel hækka, GS og OH sammála um það.

HP nefnir það líka að styrkur frá ríkinu sem komið hefur í tengslum við mótið sé ekki eitthvað sem hægt sé að stóla á, þannig að það þarf að gera ráð fyrir því að sá kostnaður gæti þurft að koma frá nefndinni, ef niðurskurður hjá ríkinu verður það mikill að þetta verði tekið af fjárlögum.

OH segir að það þurfi að hugsa tekjumódelið í kringum mótið upp á nýtt, að hugsanlega þurfi að sækja meiri pening til knapanna sjálfra. Mótið er stór og mikill gluggi fyrir knapana, bæði varðandi sölu á hestum en einnig þeim sjálfum og því eðlilegt að þeir komi betur að fjármögnuninni.

Landsliðsnefnd óski eftir því að fá að setja fram tillögur til stjórnar um framtíðarhögun landsliðsins, að landsliðsnefnd leggi einnig fram að kostnaður nefndarmanna verði endurskoðaður.

HP segir að biðja skuli um hugmyndir frá landsliðsnefndinni, hvar möguleikarnir liggja varðandi aukna fjáröflun.

OH kynnti að landsliðsnefndin muni standa myndarlega að fjáröflun fyrir Landsliðið og stefnt verði á þá reglulegu atburði sem nefndin hefur staðið fyrir ásamt verði leitað eftir styrkjum og auglýsingarsamningum ásamt sölubás á landsmóti, einhvers konar sjoppu, og þannig aflað fjár í verkefni sín.

OH segir að það sé mat landsliðsnefndar að ekki hafi gefið góða raun að hafa 2 landsliðseinvalda. Betra sé að ábyrgðin sé hjá einum manni og yfirþjálfara. Nefndin leggur til að breytingar verði gerðar á fyrrnefndu skipulagi.

Rætt um að fjármagn sem kemur inn sem styrktarfé og er ekki eyrnamerkt sérstöku verkefni ætti að skiptast í 4 hluta, 1 hlutur til landsliðsins, 1 hlutur til landsmóts, 1 hlutur til æskulýðsmála og 1 hlutur sem fer í annað/rekstur.

GS talar um mikilvægi þess að stjórn LH og aðrir standi þétt við bakið á landsliðsnefndinni. Mikil gagnrýni kom fram eftir mótið síðasta sumar varðandi það að of margir hafi farið út. Þetta er gríðarleg vinna og það þarf að

gera fólki grein fyrir því. Það verður þó að passa sig á því að hampa ekki einni nefnd umfram aðra. Það er þó sjálfsagt mál að standa þétt við bakið á sínu fólki.

Trek

Sambland af smala, fimi og öðru. Einhver félög byrjuð að skoða þetta. Þetta þyrfti þá að setja upp á sem áhorfandavænsta hátt. Það þyrfti líka að staðla þetta ef ætti að gera þetta að keppnisgrein. Nefnd sem vinna á að þessu frekar.

Velferðarnefnd

HP ræðir um „Klár í keppni“. Faghópur var búinn til til að hafa yfirsýn yfir áverka á hestum og reiðmennsku þannig að hægt væri að verja íslenska hestamennsku fyrir erlendri umræðu um meðferð hesta, sú umræða er oft byggð á misskilningi. Kalla þarf hópinn saman og setja niður ákveðnar hugmyndir til að vinna að, það er svo hægt að bæta við þá þekkingu. Þetta er mjög sterkt að geta til dæmis farið á FEIF þing með þekkingu sem kemur frá hópnum og vera þá vel upplýst um stöðu þessara mála.

Það er mjög mikilvægt að hestur sem ekki er alveg heill fari ekki í keppni eða sýningu, slíkt líðst ekki.

Rætt um að koma þessu inn á Íslandsmót, þetta þarf að fara sem víðast. Það þarf þá að kynna það vel fyrir mótin, að hross verði skoðuð skv. „Klár í keppni“ verkefninu. Best væri að koma þessu inn á Íslandsmót barna og unglinga því ungmennin komu ekki vel út í skoðun á LM 2011 og því ljóst að einhverjar fyrirbyggjandi aðgerðir verði að koma.

„Klár í keppni“ þyrfti þá að komast inn í samning við mótshaldara Íslandsmóta.

Menntamál

Hólaskóla vantar 20 milljónir í þýðingu á Knapamerkjum yfir á ensku, til að koma þeim út og sem víðast. Námsefnið þykir vera sett upp á mjög sérstakan hátt og er mjög dýrt í rekstri.

Það vantar einhverja samfellu í námið, ekki búið að skilgreina hvað er kennt á hverju stigi. FSU og FNV byrjuðu með námið en fjölbrautarskólarnir fóru í sitthvora áttina með námið. Mosfellingar byrjuðu svo að skilgreina hestabraut sem þeir fengu ekki samþykki fyrir í mennta og menningamálaráðurneytinu. Það er ljóst að auka þarf samstarf milli þeirra skóla og samræma nám sem þeir kjósa að bjóða uppá.

Knapamerkin ein og sér duga ekki bæði sem námsefni inni félögunum og grunn og framhaldsskólunum. Þau er gott námsefni sem nýtist í námskeið og val í skólakerfinu, en skilgreina þarf nám frá æskulýðsstarfi hestamannafélaganna upp í gegnum grunn og framhaldsskólana.

Stjórn LH sendir frá sér eftirfarandi ályktun:

LH fagnar að verið sé að skilgreina kennslu í hestamennsku og störf sem tengjast íslenska hestinum. Stjórn LH mótmælir því harðlega að ekki sé haft samráð við LH eða ÍsÍ þegar verið er að fjalla um nám í hestaíþróttum innan skólakerfisins í ljósi þess að ÍsÍ og sérsamböndin eiga yfir að ráða miklu námsefni sem tengist menntun í starfi sérsambandanna. LH hefur barist fyrir því undanfarin ár að nám í hestaíþróttum sé í boði bæði í grunn og framhaldsskólakerfinu.

Fagráð

Ákveðið að tilnefna Sigurð Ævarsson sem fulltrúa LH í Fagráð í hrossarækt. .

Skógarhólar

HP fjallar um samning sem er í smíðum og hugmyndasamkeppni sem er í gangi á vegum Þingvallanefndar. Skógarhólar hafa verið teknir út úr rekstrarreikningi LH, verið að vinna að nýjum samningi við Þingvallanefnd um nýjan samning. Frá og með næstu áramótum verða Skógarhólar að standa undir sér sjálfir. LH á Skógarhóla ehf. og allt sem því tengist. Það þarf því líka að gera samning við rekstraraðila.

Landsþing

Tillaga að dagsetningu fyrir landsþing í Reykjavík: 19.-20.október. Uppskeruhátíð LH yrði þá 3.nóv.

Skráningarkerfi

Stjórn samþykkir hækkun upp í 200 krónur fyrir skráningar (á hverja skráningu) í Sportfeng á árinu 2012.

Senda erindi til FEIF þar sem óskað er eftir að eiga fulltrúa inn í tölvunefnd (FEIF software committee). Skrifstofan sendir erindið, þannig að þetta fari formlegar boðleiðir.

Heimasíða LH

Tilboð í breytingu á heimasíðu LH samþykkt.

Önnur mál

Talað um að koma á þeirri hefð að afhenda Landsmótið formlega til næsta mótshaldara (á sunnudeginum).

Afmæli ÍSÍ – koma þeim inn á Landsmót, fagna afmælinu þar.

Heimasíða LH – uppfæra þarf heiðursverðlaunaknappa inn á heimasíðunni, gullmerkjahafa og knapatilnefningar.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið um kl. 16. Hélt stjórnin þá til fundar við hestamenn á Vesturlandi í hesthúsinu í Hrísdal, Eyja- og Miklaholtshreppi.

Fleira ekki fært til bókar.